

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

393. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs. (kt. 510588-1189) á skrifstofu byggðasamlagsins miðvikudaginn 17.08.2018, kl.07:30.

Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður

Mættir:

Birkir Jón Jónsson, Líf Magneudóttir, Ágúst Bjarni Garðarsson, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir og Bjarni Torfi Álfþórsson. Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri, Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur og Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri. Gestur fundarins undir lið 1 var Theodór S. Sigurbergsson frá Grant Thornton.

Tekið fyrir:

1. Árshlutauppgjör – 6 mánaða 2018

Árshlutareikningur fyrir fyrstu sex mánuði ársins lagður fram og kynntur. Framkvæmdastjóri kynnir einnig samanburð rekstrar og áætlunar. Staða í rekstri endurvinnslustöðva er neikvæð um 8 milljónir. Árshlutareikningurinn ræddur, staðfestur og undirritaður.

2. Forsendur rekstraráætlunar 2019

Kynntar forsendur Reykjavíkurborgar fyrir rekstraráætlun 2019. Málið rætt.

3. Staða í viðræðum við SOS um urðunarstað

Framkvæmdastjóri upplýsir um stöðu mála. Staða málsins var rædd á fundi stjórnar SSH þann 13. ágúst sl.

4. Fyrirspurn frá bæjarráði Kópavogs

Lögð fram fyrirspurn frá bæjarráði Kópavogs um kostnaðarþátttöku í vélbúnaði til plastflokkunar o.fl. Framkvæmdastjóri kynnir svar SORPU bs.

5. Kæra ÍAV til úrskurðarnefndar um upplýsingamál

Kynnt kæra ÍAV til úrskurðarnefndar um upplýsingamál og svar SORPU sem unnið var í samráði við embætti borgarlögmanns.

6. Skipan fulltrúa í viðræðunefnd við Sorpeyðingarstöð Suðurnesja

Stjórn skipar Birki Jón Jónsson, Líf Magneudóttir og Bjarna Torfa Álfþórsson í viðræðunefnd við Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf.

7. Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn 12. september kl. 07:30 og 21. september kl. 07:30.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan 09:05

Fundarritari Guðrún Eva Jóhannesdóttir